

3. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2022-2026 v/Flúðaskóla haldinn 14. nóvember 2022 kl. 15:00

FUNDARSTAÐUR: FLÚÐASKÓLI

Mætt: Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson í fjarfundi undir fyrsta lið og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritaði fundargerð. Einnig sóttu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri Flúðaskóla, Árni Þór Hilmarsson aðstoðarskólastjóri Flúðaskóla, Fríður Sæmundsdóttir fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Vilborg Ástráðsdóttir og Sigríður Björk Marínósdóttir fulltrúi Skeiða-og Gnúpverjahrepps. Einnig mætti á fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri.

Fulltrúi foreldra mætti ekki.

DAGSKRÁ:

1. Sveitarstjóri kemur á fund og kynnir fyrir skólanefnd drög að fjárhagsáætlun og gjaldskrá vegna Flúðaskóla.
2. Erindi til skólanefndar, boð til samráðs við undirbúning frumvarps til laga um skólaþjónustu frá mennta- og barnamálaráðuneytinu-sjá fundargögn.
 - a. Samráðshópur
 - b. Umræða um innleiðingu nýrra farsældarlaga í Flúðaskóla.
3. Gátlisti

Formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið inn á fundinn.

1. Aldís sveitarstjóri kynnti drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 og gjaldskrá fyrir árið 2023. Farið var yfir stöðuna og rætt um eintaka liði. Fyrir liggur tillaga að útfærslu á uppbyggingu á skólalóð sem samþykkt var 2019. Skólanefnd leggur til að 3 áfangi þeirra tillögu verði að settur í forgang og gert ráð fyrir því í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Halldóra leggur fram eftirfarandi bókun:

Þar sem gögn tengd drögum að fjárhagsáætlun og tillögur að hækkunum á gjaldskrá bárust einungis klukkustund fyrir fund, og því ekki tími til að rýna þau, get ég ekki tekið afstöðu til þess sem lagt er til í drögum. Ljóst er að lagt er upp með töluverðar prósentu hækkunir í gjaldskrá og ýmsir liðir í fjárhagsáætlun þyrfti að rýna betur.

2. Formaður kynnti erindi sem vísað var til skólanefndar frá sveitarstjórn en það er boð til samráðs við undirbúning frumvarps til laga um skólaþjónustu frá mennta- og barnamálaráðuneytinu. Málið kynnt og rætt. Þeir sem hafa áhuga eru hvattir til að skrá sig í samráðshóp við undirbúning frumvarps til laga um skólaþjónustu. Formaður lagði til í framhaldi af því að samráðshópur yrði myndaður til að ræða stöðu innleiðingar farsældarlaga í skólum sveitarfélagsins. Við samráðshópinn bætast að öllum líkindum fulltrúar frá leikskólanum. Formaður skólanefndar hefur sent póst til

skólastjórnenda, sérkennslustjóra Undralands og deildarstjóra stoðþjónustu Flúðaskóla varðandi þennan samráðshóp.

3. Gátlisti-1.liður

Farið var yfir gátlistann, fyrsta lið. Samþykkt að vísa því til sveitarstjórna að móta sameiginlegar vinnureglur fyrir nágretta sveitarfélögin, þess eðlis að um leið og börn á skólaaldri flytja í sveitarfélagið verði skólastjóra og formanni skólanefndar send tilkynning þess efnis.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 17:23